

## Gjaldskrá fyrir garðslátt á vegum Vinnuskóla Flóahrepps

### 1. gr.

Vinnuskóli Flóahrepps tekur að sér að slá garða fyrir íbúa sveitarfélagsins samkvæmt pöntunum til skrifstofu Flóahrepps. Aðeins er slegið fyrir þá sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu.

### 2. gr.

Innifalið í verði er sláttur grasflatar, hirðing á grasi og akstur með starfsfólk.

### 3. gr.

Gjald fyrir slátt á görðum er 20,00 kr pr/fm

Ellilífeyris- og örorkuþegar fá 75% afslátt af gjaldi.

### 4. gr.

Gjaldskrá er endurskoðuð með tilliti til breytinga á vísitölu neysluverðs einu sinni á ári, 1. maí ár hvert. Vísitala neysluverðs er 380,9 í ágúst 2011.

*Flóahreppi 2. nóvember 2011*

*Margrét Sigurðardóttir*